

Fundur 10.11.2025 Sveinn Haraldsson gamall félagi.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Gleður það mig að tala til ykkar og má ekki láta það niður falla. Tala ég frá stjörnusambandsstöð mikilli og fagurri og höfum við notið sambanda hingað.

Og já það er misgott sambandið, gleður það mig að tala til ykkar og er hér margt sem ég hef gott að segja í kvöld og vona ég að þið takið á móti því og það er nú svo að sérhvert minnisatriði þarfnast orku til að koma í gegn og mikilvæg atriði.

Hef ég oft sinnis orðið var við það þegar haldnir eru fundir í hinum ýmsu hópum á okkar hnetti, að truflanir geta orðið og reynum við að skilja og skilgreina hvað valdi þeim, og gengur það mis vel, en ekki er síður mikilvægt að skilja hvað valdi truflunum sem verða þegar við tölum til ykkar og annara, en einnig það getur verið erfitt að skilgreina, en hér eru komnar tvær stöðvar sem ekki eru af sama meiði og er margt rakið til þeirra.

Og var það áhugaverður fundur nýlega sem fór fram þegar okkar gamli félagi var viðstaddur, og gekk það ekki vel í fyrstu, en fór svo að ganga betur eftir því sem ættingjar hans, sem höfðu verið að magna hann og hjálpa honum til samstarfs við okkur, fóru að styðja hann og ýta frá ákveðnum áhrifum, þá gekk það betur og komu þar nokkur áhugaverð sambönd.

Er ég þar að tala um Ómar Bergman sem hefur verið nokkuð viðloðandi aðra stöðina, en hefur reynt að koma til baka og finna sátt við okkar féлага, og var það áhugaverður fundur.

En ekki eru allir sáttir við þær stöðvar eins og gefur að skilja, og er það áhugavert hvernig það blandast inn í stjórnmál og annað.

En af mér er það að segja að mér líður vel og hef ég náð nokkuð góðri sátt við konuna, börnin og þeir litlu örðugleikar sem urðu, eru nú að baki, og gleður það mig þegar þau taka þátt í starfi mínu á þessum hnetti, og eru stillar mínir og hefur það ekki oft gerst áður, en

*Þú ert Sveinn er það ekki ?*

Já já,

*Velkominn Sveinn.*

Pakka þér fyrir. Heilsa ykkur öllum sumuleiðis og þakka fyrir gamalt og gott.

*Já þakka þér fyrir. Börnin byrjuð að vinna með þér ?*

Já, það voru smávegis örðugleikar á sambandinu í fyrra vetur, og höfum við ferðast nokkuð um hnöttinn og hefur það verið áhugavert, og ég vildi segja frá því að með komu hinna árásargjörnu kristnu manna, sem hafa viljað breytingar á þjóðfélaginu hér og gengið mis vel eftir og kostað deilur og rökræður í stjórnmálum og annað.

Hefur orkan sumstaðar farið minnkandi og höfum við núna einnig nýlega orðið ánægð með það að mótvægis aðgerðir hafa gengið betur en áður.

Og biður Haukur kærlega að heilsa ykkur og fjölskyldu sinni, hann er hér öflugur, mín hægri hönd, mótvægi við þetta orkutap er að fá Gyðjurnar fornu í heimsókn í sambandið og eflir það allan hnöttinn, og eru það bæði norrænar Gyðjur og Germanskar og af ýmsum toga, og mjög merkileg sambönd.

Gekk það ekki vel í fyrstu að fá fólk til að einbeita sér að þessu, þar sem um annað var að hugsa, en hafa nokkrir fundir tekist vel og hafa sjúkrahúsin notið þess sérlega vel og tók ekki nema örskotsstund að senda þá orku víða og skila miklum árangri. Vildi ég láta ykkur vita af þessu og einnig er það félagi okkar, félagi ykkar sem er hér staddur nálægt mér, og biður hann að heilsa ykkur kærlega og segir hann að faðir sinn sé farinn að stunda sjóinn aftur og hafi hann hjálpað til við það, Halldór Bernódusson.

Og var það einnig afleiðing af því að fólk er aftur farið að neyta matar meira, og eru hér ýmsar ljúffengar fisktegundir. Já Halldór Bernódusson vill komast í sambandið, við skulum sjá til hvernig það tekst.

Og Þorsteinn Guðjónsson biður að heilsa, sonur hans hér í salnum hjá ykkur.

*Já ég bið að heilsa.*

Og Ingvar Agnarsson biður að heilsa sínu fólki, og voru þeir einmitt að ræða við Ómar hér í upphafi áður en hann mætti á fundinn og hvort það myndi takast, en það tókst að ná sambandi, en urðu það örðugleikar í fyrstu.

Skiptir okkur miklu máli að halda orkunni í lagi og hef ég stundum notað mitt gamla farartæki hjólið, en hef ég einnig svifið þegar orkan hefur verið sem mest.

Og eru hér ekki allir gömlu félagarnir staddir á sama stað á hnettinum, en hefur það verið áhugavert hversu margir eru hingað komnir og reynt að halda sambandi við þá.

Helgi Guðlaugsson og eldri Nýalssinnar, já hægt að nefna marga, en látum það nægja að sinni, mikilvægt að ná sambandi og vonum gangi enn betur næst. Já er einhver spurning ?

*Ég ætlaði bara að biðja þig að taka kveðju til hans Þórarins á Skúfi Þorleifssonar, gamall Nýalssinni, einn af tveimur í Húnavatnssýslunum, en það var nú líka Jakob Línal.*

Já alveg sjálfsagt, já ég skal koma því til skila.

*Má ég spyrja um eitt Sveinn ?*

Já.

*Ert þú ekki enn að hlusa á sígilda tónlist ?*

Jú það er vissulega rétt.

*Og hvernig er tónlistin sem samin hefur verið á ykkar hnetti í samanburði við það sem þú hlustaðir mest á hér á jörðu ?*

Já það er áhugaverð spurning og ég vil gjarnan fara út í þetta þakka þér fyrir, ég varð þess var á jörðinni að komin var fram margskonar tónlist sem ekki var mér alveg að skapi, en það gladdi mig mjög að heyra að hér á þessari framlífs jörð, þar er tekið öðru vísi á málum, en það eru vissulega margar tónlistarstefnurnar.

En bæði hef ég hlustað á sambönd framlíðinna tónskálda frá öðrum hnöttum sem hafa lýst því hvernig þeirra tónlist hefur þróast og batnað og orðið mikilfenglegri, fegurri í takt við þjóðfélagið, en hérna hjá okkur á þessum hnetti eru einnig tónskáld og sum þeirra voru farin að aðhyllast nútíma tónlist og tóna uppbyggingu sem ekki er í samræmi við tónheyrn og fegurðarskyn, og gleður það mig að mörg þeirra hafa samið fögur tónverk.

*Hafa verið einhverjir á ykkar hnetti sem talist geta jafningjar Backs, Mosarts og Beethovens ?*

Já ég held að það sé unnt að segja það og sérkennilegar stíl tegundir í fortíðinni og hvernig tónana skipan raðar sér á fagran og áheyrilegan hátt eftir ákveðnum takt tegundum og ég kann ekki alveg að nefna þetta, það er eins og í sinfoníum og fúgum og ballettdönsum. Það hefur, það er talað um hámenningar skeið og lámenningar skeið og hvernig það hefur farið saman við uppgang menningarinnar og heimspekinnar hvernig fögur tónlist hefur verið samin og hvernig ýmsir tísku straumar hafa verið í því, og var það sérstakt áhugamál mitt um langt skeið að leggja mig eftir þessum tónsmíðum og bera það saman við það sem ég þekkti á jörðinni.

Vissulega er það svo að ákveðin tónverk eru hjá mér í uppáhaldi frá jörðinni og gleymi þeim vissulega aldrei, en hefur það komið mér skemmtilega á óvart hvernig ýmiskonar verk sem hafa verið samin á þessum hnetti, minna á þau tónverk og erum við einmitt á því skeiði núna að hér eru komin fram tónskáld sem semja áheyrileg verk. Og er hér áhugavert að heyra þegar tónskáld frá jörðinni taka upp á því saman að setja saman áheyrileg tónverk, en hin eldri tónskáld eru komin lengra og merkilegt mannlíf þar á hnöttunum.

Þetta er reyndar, ég þakka kærlega fyrir þessa spurningu, þetta er nokkuð sem ég vildi koma inn á, en átti erfitt með það en fleiri hafa komið í sambandið.

*Þetta var merkilegt Sveinn.*

Já og mjög áhugavert að heyra erindi um það hvernig tónlistin hefur áhrif á anda mannsins og getur haft áhrif til afslöppunar og göfgunar og lækningar jafnvel.

Og hvernig ósamstæðir hljómar geta haft óheppileg áhrif á heilsu og vitræna þróun hjá fólki, og hvernig það hefur einnig verið á jörðinni gömlu. Já ég vildi óska að ég geti nefnt mín uppáhalds tónskáld hér á þessum hnetti, en það er víst ekki auðvelt að svo komnu máli, ég þarf að taka mér tíma í það og reyna að koma því frá mér síðar.

En ég þakka kærlega fyrir og gleður mig að ná vel sambandi hér í kvöld og finnst mér sambandið óvenju gott.

Ég kveð ykkur að sinni og bið að heilsa.

*Má ég spyrja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Mig langar að spurja þig, hefur þú heyrt verk eftir Beethoven og Mosart sem þeir sömdu eftir að þeir fóru í framlífið ?*

Já það er rétt og nóturnar það er hægt að lesa þær þótt hnettina skilji að og já það er nú svo merkilegt að þessir sömu hæfileikar að þeir héldu áfram að þróast hjá þessum mönnum og bera þessi sömu einkenni. Og já já lifa með sínum merkilegu þjóðum áfram og má segja að það sé mikill fengur að hafa slíka hæfileika menn innan þjóðanna og mjög gleðilegt að hlusa á sík tónverk.

Hér eru margir Íslendingar og Jón Leifs er mjög þekktur og hefur hann haldið áfram sínu starfi, hefur jafnvel tekið upp á því að semja styttri og aðgengilegri verk og kannski væri hægt að raula nokkrar hendingar við tækifæri.

Já ég þakka fyrir í kvöld og verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*